

Starfsábyrgðartrygging sérfræðinga er valkvæð trygging gegn skaðabótaábyrgð utan samninga sem fellur á váttryggðan vegna yfirsjóna eða mistaka við framkvæmd þess sérfræðistarfs eða verkefnis sem tilgreint er í váttryggingarskírteini með þeim undanþágum sem fram koma í skilmálum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar og almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Váttryggður er sá sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin tekur eingöngu til tjóns sem verður á Íslandi, nema um annað sé samið.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur fyrir almennt fjártjón sem þriðji maður verður fyrir og rakið verður til mistaka eða gáleysis við framkvæmd váttryggða á því sérfræðistarfi eða verkefni, sem tilgreint er í váttryggingarskírteini og váttryggði ber skaðabótaábyrgð á á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar, sem rakin verður til:

- Loforðs eða ábyrgðarskuldbindingar, sem váttryggði tekur á sig og er víðtækari en leiðir af almennum skaðabótareglum utan samninga á starfssviði hans.
- Sekta eða annarra refsikenndra viðurlaga sem falla á váttryggingartaka, váttryggða eða þriðja mann.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Starfa váttryggða utan Íslands.

4. gr. Tímatakmörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

Skaðabótakröfu sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki, hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

5. gr. Varúðarregla

Váttryggingartaki og váttryggður skulu ávallt gæta þess að hið váttryggða starf eða verkefni sé aðeins framkvæmt að aðila, sem hefur til þess viðhlítandi menntun, þekkingu og reynslu.

Skilmálar þessir gilda frá 20. október 2022